

Föstudaginn 29. sept. 1933.

Nr. 57/1933. Réttvísing og valdstjórnin

(Th. B. Líndal)

gegn

Ívari Jörgen Sigurbjörnssyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Brot gegn 205. gr. h. alm. hegningarl.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 25. apríl 1933: Ákærður, Jörgen Ívar Sigurbjörnsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi 12 daga og greiði allan kostnað sakarinnar. Hann greiði og Gísla Sigurbjörnssyni 100 kr. í skaðabætur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa. En fullnustu fangelsisrefsingarinnar skal frestað og hún falla niður nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýggðan af ásettu ráði og sé í því máli dæmdur í þyngrri refsingu en sektir.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða aukaréttardómi, ber að staðfesta dóminn, þó þannig, að refsing ákærða verði því aðeins skilorðsbundin samkv. l. nr. 39, 16. nóv. 1907, að hann greiði dæmdar skaðabætur innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jörgen Ívar Sigurbjörnsson, sæti 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, svo greiði hann og Gísla Sigurbjörnssyni 100 kr. í skaðabætur.

Fullnustu refsingarinnar skal frestað ef ákærði greiðir dæmdar skaðabætur innan 30 daga frá birtingu dóms þessa, og hún þá falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, ef skilorð l. nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Lindal og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 60 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jörgen Ívari Sigurbjörnssyni, Laugavegi 58, fyrir brot gegn ákvæðum 18. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 51, 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöf-inni og viðauka við hana, svo og fyrir brot gegn ákvæðum lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina, sannaðir með eigin játningu ákærða, sem kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu. Sunnudaginn 23. þ. m. kl. rúmlega 4 e. h., var að tilhlutun kommúnista haldinn úti-fundur við Kalkofnsveg hér í bænum. Var þar margt manna saman komið. Er fundurinn hafði staðið nokkra stund, tóku nokkrir unglingar, sem stóðu á kolabyng norð-an við fundarmenn, að syngja ættjarðarsöngva. Hlupu því nokkrir menn úr liði kommúnista upp á kolabynginn og tóku að hrinda piltum þessum niður. Urðu út af þessu smástympingar og einn af þeim sem lenti í þeim var ákærður í þessu máli. Í þessum svifum bar þarna að Gísla Sigurbjörnsson, frimerkjakaupmann. Ákærður, sem var í æstu skapi réðist þegar að honum og barði hann í and-litið með kreftum hnefanum. Kveðst hann ekki hafa veitt

Því neina eftirtekt hvar höggið lenti á Gísla, en sá að hann hneig niður, en ákærður gekk á brott. Högg það, sem ákærður greiddi Gísla lenti á hægri auga hans og hneig hann til jarðar meðvitundarlítill og var af varalögreglumanni, er þar var nærstaddur og sá tilræðið, borinn inn í Varðarhús. Fékk Gísli þar brátt fulla meðvitund aftur. Var hann síðan fluttur til Ólafs Þorsteinssonar læknis, er batt um augað og síðan heim til sín.

Ákærður hefir haldið því fram, að hann hafi barið Gísla vegna þess að hann hafi verið að kalla á menn og hvetja þá til þess að berja á hóp manna, sem stóð fyrir ofan þá. En varalögreglumaður sá, er nærstaddur var og sá það sem fram fór, hefir borið það fyrir réttinum, að hann hafi ekki heyrt Gísla segja neitt áður en ákærður sló hann og ekki ráðist á neinn.

Samkvæmt læknisvottorði, sem fram hefir verið lagt í málinu hefir hægri auga Gísla fengið högg svo að það er rautt og mikið aumt viðkomu, og er sjáaldrið auk þess nokkuð rispað, einnig hefir blætt inn í augað, svo sjón var dauf á auganu fyrst í stað. En ekki telur læknirinn að varanlegt tjón hljótist á auganu, en kveður að Gísli muni verða óvinnufær í 4—5 daga.

Gísli hefir krafizt 100 króna í skaðabætur fyrir lækni-
ishjálp og kostnað í sambandi við þetta, og hefir ákærður samþykkt þá kröfu og verður hún því tekin til greina að öllu leyti.

Framantalinn verknað ákærða ber að álitum dómars að heimfæra undir 205. grein hinna almennu hegningarlaga, og jafnframt undir 3. grein lögreglusamþykktar Reykjavíkur með því að hann fór fram á almannafæri. Þykir refsing sú, sem ákærður hefir tilunnið hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 12 daga. Hann greiði og 100 krónur í skaðabætur til Gísla Sigurbjörnssonar og allan kostnað sakarinnar.

En sakir æsku ákærða og með því að hér er um fyrsta afbrot að ræða, þykir mega ákveða að fangelsisrefsing ákærða skuli vera skilorðsbundin, ef skilorð laga nr. 39, 1907 er haldið.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.